

Hallormsstab 10. febr. 1914

Í viðbót við athugasemdir þær sem jeg ljet fylgja ársreikningi skal eftirfarandi skýrsla um vinnuna á Hallormsstab og í skógræktarumdæmi V gefin á þessa leið fyrir árið 1913.

Skógarhögg framkvæmt í Flataskógi Afd. IV, í raftskóginum fyrir vestan Gvendargjót, í Mörkinni og í Lambabólum fyrir vestan bæinn.

Í Flataskógi voru höggvin ca. 460 stór trje til rafta og efniviðar ýmiskonar. Efniviðurinn fluttur heim og birktur og geymdur inni. Framan við Gvendargjót hefur einnig verið grisjað dálítið í Raftskóginum þar.

Fræsöfnun fór fram í okt. - nóv. og var safn.ð ca. 82 kg. Af þeim voru ca 72 kg send skógræktarstjóra hitt geymt til að sá í græðireitinn á næsta vori. Frá á skóginum með langminsta móti, borð saman við 4 undanfarin ár.

Girðingin um skógin varð fyrir áfalli af snjóflóði á s.l. vetur, sem tók ca. 40 staura, braut þá um þvert við jörð. Til aðgjörðar voru svo notaðir birkistaurar úr skóginum hjer. Auk aðgjörðar á þessari bilun og lagfæringar víða, var málal þad sem eftir var af járngirðingunni.

Vinna í græðireitnum hefur tekið mikinn tíma, einkum hreinsun illgresis, sjerstaklega í birkibeðum. Varð að reita þau 3^{ar} á sumrinu. Sáð var 5kg. birkifræi úr skóginum og dálitlu af reynivið íslenskum, ennfremur 1 kg af Lævirkjatrje (*Larix siberica*). Dreift (Priklað) Fjallfuru og Rauðgreni. Ennfremur settir stönglar af Ribs og víbir. Talan var eftir tegundum á þessa leið: 7780 stk. Fjallfura, 730 stk. Rauðgreni, 50stk. Pinus aristata, 56 stk. víðistiklingar og 160 stk. Ribsstiklingar. Samtals 8769 stk. Í haust voru þakin með mosa öll fræbeð og nokkuð af priklaðeðum. Dreyft gömlum áburði yfir skógarfuru- beðinog nýr áburður settur upp að öllum ribsplöntunum.

Gróðursett að vorinu nokkuð af Fjallfuruplöntum frá Danmörku í svæðið fyrir neðan túnið þar sem áður hefur verið gróðursett Fjallfura og fleira.

Teknar upp plöntur í skóginum til útsölu, sumpart með hnaus, sumpart án hnauss.

Grafið lokræsi í engjunum fyrir vestan túnið ca. 280 metrar á lengd.

Í skógræktarumdæminu var girt á einum stað um skóglendi, sem sje í Firði í Mjóafirði, hjá Sveini Ólafssyni umboðsmanni.

Girðingin var í tvennu lagi og var fullgirt um annað svæðið, en sökum þess að gaddavír vantaði, varð ekki lokið við svæðið sem girða átti í haust. Gaddavírin komst ekki til Mjóafjarðar fyrr enn í desember. Var ófáanlegur í nálægum kaupúnum og varð að fá hann á Akureyri. Af þessum ástæðum varð ekki úr að jeg færi í haust til Mjóafjarðar, því jeg leit svo á að þýðingarlaust væri að líta eftir verkinu fyrr en fullgert væri, svo nánari skýrsla um þá vinnu, lengd girðinganna o. s. frv., verður að bíða þar til verkið er fullgert.

Þó vil jeg geta þess að girðingin um svæðið sem girt var í sumar og fullgerð, er um 600 faðm. á lengd.

Áhugi manna á skógrækt hjer í umdæminu er enn fremur líftill. Þó eru nú nokkuð víða komnir upp trjágarðar eða gróðurtrjé við bæi, en einkum eru það kaupúnin sem fást við trjárækt. Ungmennafjelögin virðast þó í framgangi nú hjer á Hjeraðinu og má vænta að þau framkvæmi eitthvað í skógrækt.

Talsvert kveður að því sem einstakir menn grisja í skóginum hjer á Hjeraði, er það stórum að færast í vöxt og svo mun vera í öllu þessu umdæmi. En lakast er að eftirlit með skógarhöggi einstakra manna er ekki sem skyldi og þyrfti að brýna fyrir hreppstjórum að sjá betur um að fylgt sje reglum hins opinbera þar að lútandi. Sjerstaklega ef skógarvörðurinn er ekki látinn ferðast um árlega til eftirlits. Annars er hættast við í smákjarri að tekið sje of mikið, grisjað meira en má. Mun, það einkum eiga sjer stað í Skaftafellssýslu og til Fjarðanna hjer í umdæminu.

Virðingarfyllst

Guttormur Pálsson

Til skógræktarstjórans í Reykjavík.